



Starfsáætlun  
**Leikskólinn Akur**  
fyrir skólaárið 2023-2024





## Um leikskólann

Leikskólinn Akur er til húsa að Tjarnabraut 1 í Innri Njarðvík. Leikskólastjóri á komandi starfsári er Sigrún Gyða Matthíasdóttir og er Guðrún Lilja Jónsdóttir meðstjórnandi. Skólaárið 2023 til 2024 er 17. starfsár leikskólans. Leikskólinn er rekinn af Hjallastefnan leikskólar ehf. samkvæmt þjónustusamningi við Reykjanesbæ. Gleði, kærleikur og agi eru einkunnarorð leikskólans.

Starfsáætlun þessi tekur gildi þann 1. september 2023 og er skilað til Hjallastefnunnar ehf. og Reykjanesbæjar.

## Tölulegar upplýsingar - börn

Fjöldi barna fyrir skólaárið er áætlaður 145 börn, 73 stúlkur og 70 drengir eru komin í nám september 2023 eða samtals 143 börn. Mikill meirihluti barna er í 8-8,5 klst vistun eða 134 börn.. Eitt barn er í klst vistun og 8 börn eru í 7 klst vistun.

Fjöldi þeirra barna sem fyrirsjáanlegt er að njóti sérkennslu eru 5. Börn með málproskafrávik eru 15. Fjöldi stöðugilda sem nýtt eru í sérkennslu/stuðning við upphaf skólaárs 2023-2024 eru 6. Við svörum þjónustuþörf barna strax með auknum stöðugildum og úrræðum en þar eru Lög um farsæld í þágu barna höfð að leiðarljósi.

Fjöldi barna sem hafa íslensku sem annað eða þriðja mál er 23.

<b>Tungumál</b>	<b>Nemendur</b>
-----------------	-----------------

Íslenska	109
----------	-----

Pólska	9
--------	---

Litháíska	4
-----------	---

Portúgalska	2
-------------	---

Sænska	1
--------	---

Arabíska	3
----------	---

Filipíska	2
-----------	---

Enska	4
-------	---

Tælenska	2
----------	---

Rúmeska	2
---------	---



Norska	1
Þýska	1
Danska	1
Grænlenska	1
Rússneska	1

## Starfsmannamál

Starfsmenn leikskólans Akurs næsta skólaár verða 42 talsins í 40 stöðugildum. Þetta getur þó breyst þegar vistunartími barnanna er endanlega staðfestur og þörf fyrir sérkennslu hefur verið metin en hún er endurskoðuð mánaðarlega. Hjallastefnan stendur fyrir öflugum samstarfi allra Hjallastefnuskóla um starfsþróun og símenntun starfsfólks en að auki gefst starfsfólki kostur á að sækja sér menntun og starfsþekkingu úr öðrum áttum og hvetur leikskólinn Akur starfsfólk sitt eindregið til þess. Fimm starfsmenn eru að nema Leikskólakennarafræði og eru tveir þeirra nú þegar búnir að ljúka B.ed gráðu. Um starfsþróun og símenntun má nánar lesa í símenntunaráætlun leikskólans.

## Faglegar áherslur

Leikskólinn Akur starfar eftir hugmyndafræði Hjallastefnunnar. Hugmyndafræðin byggir í stórum dráttum á hugsjónum um jafnrétti og velferð og henni er lýst í skólanámskrá leikskólans, í bókinni „Æfingin skapar meistarann“ eftir Margréti Pálu Ólafsdóttur höfund stefnunnar, í ýmsum ritum útgefnum af Hjallastefnunni ehf. og á fræðsluvef félagsins <https://www.hjalli.is/>

Leikskólinn starfar að sjálfsögðu einnig á grundvelli Aðalnámskrár leikskóla frá árinu 2011 og er útfærslum á markmiðum hennar lýst í skólanámskrá leikskólans. Einnig tekur leikskólinn mið af [Menntastefnu Reykjanesbæjar 2021-2030](#) og [Læsisstefnu Reykjanesbæjar](#).

Þróuð hefur verið Læsis- og stærðfræðiáætlun Leikskólans Akurs út frá kynjanámskrá Hjallastefnunnar og [Orðaforðalista Menntamálastofnunar](#) ásamt því að flétta inn Lubba hljóðin, orðatiltæki, þulur og sönglög sem tengjast hverri lotu fyrir sig. Áætlunin er aðgengileg á heimasíðu okkar <https://akur.hjalli.is/>.



Auk Hjallastefnunnar og lögbundinna áherslupátta í Aðalnámskrá leikskóla á leikskólinn Akur sér sínar sérstöku áherslur: Fjölmennung er okkur ofarlega í huga og erum við með fjölmennungarverkefni í gangi til þess að tengja betur heimili og skóla fjöltyngdra barna. Þá leggjum við áherslu á að skólinn útvegi túlkajónustu þegar þess er þörf og einnig að foreldrar af erlendum uppruna sé boðið að koma og kynna fyrir börnum og kennurum þætti úr menningu heimalandsins, hvort sem það er í formi matargerðar, tónlistar eða staðarháttar.

Á þessu skólaári er áætlað að hafa móðurmáls morgna á Akri á 5 vikna fresti á laugardögum þar sem fjölskyldum býðst að koma og yðka móðurmál sitt með börnum í þematengdum verkefnum til að auðga móðurmál barna. Fyrir ári síðan byrjuðum við með arabíska foreldramorgna sem gáfu góða raun og höfum við ákveðið að útvíkka verkefnið til allra fjölskyldna á Akri óháð móðurmáli, þær Guðrún Hanna Kristjánsdóttir og Karólína S. Sigurðardóttir eru verkefnastjórar fjölmennungarverkefnis Akurs.

Við erum með öflugt 5 ára starf á leikskólanum og reynslumikla kennara sem sinna stafainnlögn og samstarfi við grunnskólana af natni. Undanfarin ár hefur verið áhugi fyrir því að efla og bæta útisvæði skólans. Fyrir þremur árum var settur upp nýr kastali á lóð skólans ásamt því að haldið verður áfram að rækta upp lóðina. Foreldrar og kennarar hafa gróðursett tré og búið er að byggja hænsnakofa á lóð skólans og voru fjórar heimaræktaðar hænur búsettar í honum. Þær hétu Bangsi, Gógó, Doppa og Ása en nöfnin þeirra voru valin af börnum í leikskólanum. Því miður komst minkur í hænsnakofann nú á haustdögum en unnið er að því að við verðum aftur með hænur á Akri.

Aðalmarkmið komandi skólaárs verður að kafa dýpra í hugmyndafræði Hjallastefnunnar, leggja mikla áherslu á málörvun og tónlist og auka gæði í barnastarfi. Einnig stefnum við að því að starfsfólk deili fagþekkingu sinni um húsið og fræði samkennara og nemendur um ákveðin málefni sem kennarar eru sérfróðir í og þekkja vel. Þannig fá allir vel að njóta og læra um hin ýmsu málefni t.d numicon, skipulagðir hópatímar, Hugarfrelsi, Lubbi finnur málbein, kynjanámskrá, að spila lög fyrir börn á gítar og margt fleira.

Nánari útfærslu á fagstarfi, hugmyndafræði, markmiðum og leiðum má sjá í skólanámskrá Akurs.



## Mat og umbætur

Leikskólinn Akur stendur á hverju ári fyrir umfangsmiklu innra mati sem að nokkru er hluti af reglubundnu innra eftirliti Hjallastefnunnar s.s. spurningakönnun fyrir foreldra, spurningakönnun fyrir starfsfólk, athugun á lögbundnum gögnum skólans og rekstrarskoðun útisvæðis, en að nokkru er innra matið einungis á vegum leikskólans og er notað innan veggja hans, s.s. gátlistar fyrir foreldraviðtöl, skráning á vali og úrvinnsla úr hópatímaskráningu. Á grundvelli niðurstaðna úr innra mati hvers skólaárs vinnur leikskólinn umbótaáætlun. Ítarlega útlitun á innra mati leikskólans og umbótaáætlun má finna í skýrslu hans um innra mat.

Ytra mat á skólastarfinu er í höndum sveitafélags og Menningar- og Menntamálaráðuneytis. Heilbrigðisyfirvöld kanna aðstæður í leikskólanum reglulega og útisvæðið er aðalskoðað af faggildum aðila árlega.

## Samstarf við grenndarsamfélag

Leikskólinn Akur leggur sig fram um góð samskipti við grenndarsamfélagið. Á hverju ári bíður bókasafn bæjarins börnunum á Akri að koma reglulega í bókalestur en við höfum minnkað það samstarf og lagt meira í samstarf með bókasafni Stapaskóla. Listahátíð barna í Reykjanesbæ er á hverju ári og hefur leikskólinn tekið virkan þátt í henni. Leikskólinn Akur, Leikskólinn Holt og Akurskóli hafa staðið að samvinnuverkefni yfir þórrann sem nefnist Þórrapema. Þar er um stöðvavinnu milli skólanna að ræða þar sem skipst er á fróðleik og skemmtun með tengingu við þórrann svo fátt eitt sé nefnt. Einnig er Akur með óformlegt samkomulag við Víkingaheima um að fá að koma með barnahópa þangað.

## Samstarf við fjölskyldur

Leikskólar Hjallastefnunnar setja samstarf við foreldra og fjölskyldur leikskólabarna í öndvegi. Leikskólinn Akur stendur reglulega fyrir atburðum sem efla samstarf leikskólans og heimilisins auk þess sem allskonar uppákomum sem tengja fjölskyldur við leikskólann er fagnað. Foreldrakynning var haldin af skólastjóra í byrjun skólaársins og var mæting svo frábær að foreldrar rétt komust inn í salinn. Svo var þeim boðið inn á alla kjarna til þess að sjá og upplifa hvernig starfið okkar er dagsdaglega og var þeim m.a boðið upp á að búa til leir, fara á valfund og fá nánari kynningu á dagskipulagi kjarnans.



Foreldrar hafa boðið upp á foreldraframlag og er þeim ávallt velkomið að kynna eitthvað skemmtilegt og fræðandi fyrir börnunum. Við höfum fengið fiska úr sjónum til að skoða og snerta, fiðlutónleika, óperusöng, afa sem spilar á kassagítar, foreldra sem hafa gefið okkur plöntur og gróðursett með okkur og svo margt fleira skemmtilegt.. Áætlað er að halda fjölskyldumorgna á komandi skólaári ásamt því að efla samstarf við grenndarsamfélagið.

Á bóndadaginn bjóðum við í þorramorgunverð og á konudaginn bjóðum við í konukaffi. Þessir foreldra/fjölskyldudagar hafa mælst vel og er frábær mæting ár hvert.

Einnig er gaman að segja frá því að foreldrar og starfsfólk hafa sameinast um að elsti árgangur Leikskólans Akurs fari árlega í tveggja náttu ferðalag á vordögum ásamt kennurum í Vatnaskóg. Jómfrúarferð Akurs var farin 2017 og var almenn ánægja með ferðina. Svo mikil ánægja í raun að foreldrafélagið sá ástæðu til þess að gefa öllu starfsfólki skólans glaðning í þakklætisskyni fyrir vel unnin störf. Því munum við stolt halda áfram að fara tveggja náttu ferðalag og vorin 2018-2020 gengu ferðir einnig glimrandi vel. Vorið 2020 var útskriftarferðin þó með breyttu sniði vegna Covid-19 en þá fóru börn og kennarar í Vatnaskóg í einn dag og var hópnum skipt upp með tilliti til sóttvarna og var þá ekki gist í tvær nætur eins og vant er. Vorin 2021 og 2022 voru farnar tveggja náttu ferðir þar sem sóttvarnir voru í fyrirrúmi og gengu þær ferðir vel. Vorið 2023 var slík ferð farin og gekk hún framur öllum vonum. Við vonumst til að halda áfram útskriftarferðunum okkar með óbreyttu sniði næstu árin.

Foreldraráð þriggja foreldra er starfandi við skólann og er hluti af stjórnkerfi leikskólans. Í foreldraráðið er kosið í september ár hvert á opnum foreldrafundi. Foreldraráð fundar að minnsta kosti tvisvar á starfsárinu og fer yfir starfsáætlun og skóladagatal svo og skólanámskrá leikskólans. Fulltrúar foreldraráðs Akurs skólaárið 2023-2024 eru Regína Hrönn Sigurðardóttir, Hanna Birna Valdimarsdóttir og Hjörtur Magni Sigurðsson.

Foreldrafélag er einnig starfandi í tengslum við skólann og stendur það fyrir margvíslegum uppákomum sem gleðja börnin s.s. sumarhátíð, leikritum og fleiru. Foreldrafélagið hefur frjálssar hendur um dagskrá í samvinnu við leikskólann og samræmist hugmyndafræði Hjallastefnunar. Við leggjum upp með því að foreldrafélagið bjóði upp á viðburði og athafnir til að auðga upplifun barna í leikskólanum. Fastir liðir hafa verið síðustu ár; Krakkahestar, myndataka og sumarhátíð hafa fest sig í sessi. Eins hefur foreldrafélagið boðið upp á þjónustu í samvinnu við leikskólann sem ætluð er að létta á barnafjölskyldum með því til dæmis að bjóða



upp á jólaklyppingu í leikskólanum og að fjárfesta í leikskólafötum fyrir fjölskyldur sem vantar aðstoð við að fjárfesta í skólafötum, það fer þó í gegnum leikskólastjóra til að halda persónuupplýsingum sem trúnaðarmál.

Upplýsingar um dagsetningar helstu viðburða í foreldrasamstarfi er að finna í meðfylgjandi skóladagatali.

## Skóladagatal

Meðfylgjandi er skóladagatal fyrir skólaárið en það getur breytingum sem uppfærðar eru jafnóðum á vefútgáfu skóladagatalsins á [Leikskólinn Akur](#).

Breytingar á starfsdögum eru auglýstar með mánaðarfyrirvara samkvæmt lögum.

*Reykjanesbær, 1. september 2023*

Foreldraráð leikskólans Akurs hefur kynnt sér starfsáætlun þessa og samþykkir hana fyrir sitt leyti.

Með bestu kveðju,

---

f.h. foreldraráðs leikskólans Akurs